VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir 32. tbl. /04




## Framkvæmdakort 2004

Í þessu blaði er birt kort yfir framkvæmdir á Suðvestursvæði 2004. Það má segja að það sé óþarflega seint á ferðinni því þetta er síðasta tölublað ársins. Þessi kort eru mjög vinsæl hjá lesendum blaðsins og mikið spurt um þau. Flest þeirra hafa verið að birtast yfir sumarið en æskilegast er að þau komi fyrr. Á vorin er mikið um fyrirspurnir frá fjölmiðlum um fyrirhugaðar framkvæmdir og þá gott að hafa kortin við hendina. En það eru reyndar ástæður fyrir þessum töfum sem stundum verður á birtingu kortanna. Mikið er um inngrip inn í áætlanir og oft óljóst hvað verður um einstök verk. Dæmi eru um að framkvæmdaleyfi fáist ekki og útboð sé afturkallað rétt fyrir opnun. Það er því á vissan hátt skiljanlegt að svæðin séu hikandi við að gefa út framkvæmdakortin. Við verðum sjálfsagt að læra á lifa með þessu og birta þá kortin með ákveðnari fyrirvörum. Vonandi gengur þetta betur á næsta ári. *VAI*




**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 32. tbl. 12. árg. nr. 389 20. desember 2004**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

# Framkvæmdir 2004, kort 3

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta.
Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum.
Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

## Vegakerfið

- Stofnvegir með bundnu slitlagi
- Stofnvegir með malarslitlagi
- Tengivegir með bundnu slitlagi
- Tengivegir með malarslitlagi
- Landsvegir með bundnu slitlagi
- Landsvegir með malarslitlagi




Akrafjall
Hvalfjörður
Botnssúlur
48 Kjósarskarðsvegur
Endurbygging 2. áfangi frá Reynivöllum
Endurbygging og klæðing 3,3 km
Fjárveitingar:
2003: 9 m.kr.
2004: 26 m.kr.
2005: 20 m.kr.
Útboð í júní 2004
Verktaki: KNH ehf.
Verklok: júlí 2005
Grundarhverfi
Esja
MOSFELLSBÆR
REYKJAVÍK
RNES
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
JÖRÐUR
Þingvalla-
vatn
Mosfellsheiði
1 Hringvegur
Víkurvegur - Skarhólabraut
Tvöföldun 3,5 km
Gerð tveggja hringtorga,
nýrra vegbrúa á Úlfarsá
göngubrúar á Úlfarsá
Vegagerðin í samvinnu
við Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ
Fjárveitingar:
2003: 124 m.kr.
2004: 306 m.kr.
2005: 102 m.kr.
Útboð í júlí 2004.
Verktaki: Jarðvélar ehf.
Verklok: Október 2005
411 Arnarnesvegur um Leirdal
Fífuhvammsvegur - Rjúpnavegur 1,2 km
Þrenn undirgöng
Vegagerðin í samvinnu við Kópavogsbæ
Fjárveitingar:
2003: 100 m.kr.
2006: 102 m.kr.
Útboð í janúar 2004
Verktaki: ÍAV hf.
Verklok í október 2004
Bláfjöll
Hellisheiði
HVERA-
GERÐI
41 Reykjanesbraut í Hafnarfirði
Lækjargata - Ásbraut
Færsla Reykjanesbrautar 1,6 km
Bygging mislægra gatnamóta við Kaldárselsveg
Vegagerðin í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ
Fjárveitingar:
2002: 651 m.kr. (Innistæða frá fyrri árum)
2003: 150 m.kr.
2004: 51 m.kr.
Útboð í apríl 2003
Verktaki: Ístak hf.
Verklok: júlí 2004
Heiðin Há
Ölfusá
Þorlákshöfn
Eyrarbakki
Stokkseyri
47
1
51
506
503
501
461
460
458
434
36
430
431
415
40
410
408
417
42
378
39
376
374
375
38
407
428
427
34
316
33
360

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað | 05 |
| 02-015 Hringvegur (1) við Hellu | 05 |
| 03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki | 05 |
| 03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit | 05 |
| 04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005 | 05 |
| 04-071 Auðsholtsvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt | 05 |
| 00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur | 05 |
| 03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka | 05 |
| 04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna | 05 |
| 04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi | 05 |

| Útboð sem hafa verið auglýst | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 04-075 Suðurstrandarvegur (427), Hraun - Ísólfsskáli | 20.12.04 | 18.01.05 |
| **Útboð á samningaborði** | **Auglýst:** | **Opnað:** |
| 04-074 Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar | 29.11.04 | 14.12.04 |
| 04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008 | 14.06.04 | 29.06.04 |
| **Samningum lokið** | **Opnað:** | **Samið:** |
| 04-073 Hjáleið á Reyðarfirði, brú og vegur *Arnarfell ehf.* | 02.11.04 | 06.12.04 |

## Auglýsingar útboða

### Suðurstrandarvegur (427), Hraun - Ísólfsskáli 04-075

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu 5,65 km kafla á Suðurstrandarvegi frá Hrauni að Ísólfsskála.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar . . . . . . . . . 230.000 m³
Burðarlög . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 32.000 m³
Bergskeringar . . . . . . . . . . . . . . . . . 19.000 m³
Bundið slitlag K2 . . . . . . . . . . . . . . 42.000 m².

Verki skal að fullu lokið 30. júní 2006. Fyllingum, neðra burðarlagi og grófjöfnun fláa skal lokið 30. nóvember 2005.

Úboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og í Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 21. desember. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. janúar 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Mynd á forsíðu

Hringvegur í Fnjóskadal.

## Niðurstöður útboða

### Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar 04-074

Tilboð opnuð 14. desember 2004. Gerð varnargarða við Hringveg um Blönduhlíð í Skagafirði, samtals 1.000 m.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar í varnargarða . . . . . . . . . . . 13.500 m³
Grjótvörn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 2.900 m³

Verki skal að fullu lokið 1. apríl 2005.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 11 | Sandvirki ehf., Þorlákshöfn | 11.204.900 | 170,9 | 5.690 |
| 10 | KNH ehf., Ísafirði | 9.585.000 | 146,2 | 4.070 |
| 9 | Klæðning ehf., Kópavogi | 9.560.000 | 145,8 | 4.045 |
| 8 | G. Hjálmarsson hf., Akureyri | 8.950.000 | 136,5 | 3.435 |
| 7 | Alverk ehf., Aðaldal | 8.410.000 | 128,3 | 2.895 |
| 6 | Króksverk ehf., Sauðárkróki | 8.267.500 | 126,1 | 2.753 |
| 5 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 8.105.000 | 123,6 | 2.590 |
| 4 | Vinnuvélar Símonar Skarphéðinssonar ehf. | 7.509.000 | 114,5 | 1.994 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 6.556.294 | 100,0 | 1.041 |
| 3 | Dalverk ehf., Dalvík | 6.163.500 | 94,0 | 649 |
| 2 | Steypustöð Skagafjarðar ehf. | 5.779.000 | 88,1 | 264 |
| 1 | Fjörður ehf., Skagafirði | 5.515.000 | 84,1 | 0 |